

## Vinnustofan í Kvígindisdal

verður opin laugardaginn 17. og sunnudaginn 18. desember milli kl. 13 og 18 báða dagana.

Þar gefur að líta ýmiskonar hafdverk úr hornum og beinum, skinum, ull og tré svo eitthvað sé nefnt, það koma líka „handverksgestir“ með sína framleiðslu ef fleiri hafa áhuga á að vera með þá bara hafa samband við Gunnu í síma 8651621.

Verið öll velkomin.

Ath. ekki posi

## Jólatré – Jólatré – Jólatré



Líkt og undanfarin ár er almenningi boðið upp á að kaupa og sækja sér jólatré að eigin vali í skógræktargirðingu ofan Seiglu (áður Litlulaugaskóla). Þeir sem vilja nýta sér þetta geta komið og hitt umsjónarmann **laugardaginn 17. desember milli klukkan 13:00 og 15:00.**

Þægilegast er að leggja bílum við Seiglu og ganga þaðan upp í brekku. Allar stærðir á sama verði, 5000 kr.

Skógræktarfélag  
Reykdale



## Frá Hitaveitu Reykdæla

**Heitavatnslaust verður föstudaginn 16. desember**

Föstudag 16. desember verður unnið áfram að viðhaldi á Hitaveitu Reykdæla og af þeim sökum verður hitavatnslaust á milli 10:00 og 16:00 sama dag. Um er að ræða allt húsnæði frá Narfastöðum til og með Pálmholti.

## Ath! Íbúar Þingeyjarsveitar

hægt að skrá sig á póstlista á nýrri heimasíðu sveitarfélagsins og fá allar tilkynningar sendar í tölvupósti.



## Jólatrésskemmtun- Barnaball

Kvenfélag Fnjóskdæla og Kvenfélag Ljósvetninga halda sitt árlega barnaball í Stórutjarnaskóla miðvikudaginn 28. desember kl. 14.

Allir velkomnir

kvenfélögin



Hið sívinsæla bögglauppboð HFR ásamt kveðandaþætti og dansleik verður haldið að Breiðumýri föstudaginn 7 janúar og hefst kl.20.30 Aðgangseyrir kr. 2000. Athugið ekki tekið við greiðslukortum.

ALLIR hjartanlega velkomnir.

Stjórnin.



## Jólaball Kvenfélags Reykdæla

verður haldið að Breiðumýri þriðjudaginn 27. des. kl. 16:00-18:00  
Óskað er eftir því að allir komi með eitthvað á kaffiborðið.  
Kakó og kaffi á staðnum.  
Nefndin.

50.tbl.  
14. des  
2016  
23. árg.

# Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



## DALAKOFINN

**Skötuhlaðborð** verður í hádeginu á Þorláksmessu eins og venjulega og kostar **2000** kr. á mann. Síðasti skráningardagur er 21. desember.

Einnig minnum við á **jólakaffihúsastemninguna** á Þorláksmessukvöld **kl. 20** þar sem verður boðið upp á kakó og smákökur í góðum félagsskap. Öllum er frjálst að spila eða syngja. Tilvalið tækifæri til að koma saman og hlusta á ljúfa lifandi tóna, opið verður til kl. 22.

28. desember verður **Dalasvar**. Keppnin hefst kl 21. Opið verður fram eftir kvöldi að lokinni keppni og verða einhverjar uppákomur.

### Opnunartími okkar yfir hátíðirnar er þannig:

Þorláksmessa: <b>10 - 22</b>	Aðfangadagur: <b>10-12</b>
Jóladagur: <b>Lokað</b>	Annar í jólum: <b>Lokað</b>
27-30. des. <b>10 -18</b>	Gamlársdagur: <b>11-13</b>
Nýársdagur: <b>Lokað</b>	
2. janúar: <b>Opið frá kl. 12-18.</b>	Venjuleg opnun eftir það.

Vöruúrvalið okkar er fjölbreytt og erum við nú m.a. með fersk bláber, jarðarber, vínber og ananas. Jólaklementínur, epli og aðrir ávextir í úrvali.

**Verslum í heimabyggð, við tökum vel á móti þér.**

**Dalakofinn / Útibú ehf – Í hátíðarskapi**

**s. 464-3344 / dalakofinn.is**